

## ÚRSKURÐUR.

Ár 2012, föstudaginn 12. október var tekin tekin til úrskurðar kæra Handknattsleiksdeildar KR til Dómstóls HSÍ.

Kæra var send með tölvupósti á skrifstofu HSÍ í dag, þann 12. október. Hún var svohljóðandi:

„Undirritaður, f.h. Handknattleiksdeildar KR, kærir hér með ódagsettan og ótímasettan úrskurð mótanefndar HSÍ, sem undirritaður er af Róbert Gíslansyni, þar sem 50.000 kr. sekt er lögð við að draga lið KR2 úr keppni 4. flokks kvenna yngri, veturinn 2012-2013.

Rökstuðningur kærunnar og greinargerð verður lögð fram við málsmæðferð.

Vinsamlegast staðfestið móttöku kæru þessarar.

**Jón Þór Víglundsson**

**formaður Handknattleiksdeildar KR“**

---

Í lögum Handknattleikssambands Íslands er í 36. gr. fjallað um hvernig haga skuli gerð kæru til Dómstóls HSÍ. Þar er í 9 liðum talin upp þau atriði sem koma eiga fram í kærunni. Má þar m.a. nefna nafn og skilríki kæranda og hins kærða auk þess sem sérstaklega er nefnt að í kærunni skuli koma fram greinargóð lýsing á því hvaða kröfur eru gerðar fyrir dómi og helstu röksemdafærslur kæranda.

Ofangreindri kæru Handknattleiksdeildar KR er beint til Dómstóls HSÍ án þess að nokkur gagnaðili sé nefndur. Engar kröfur eru settar fram í kærunni. Enginn rökstuðningur er í kæru.

Kæran sem er til umfjöllunar fullnægir ekki þeim skilyrðum sem sett eru í ofangreindri 36. gr. laga HSÍ og er því ekki dómþæk. Málinu ber því að vísa frá Dómstóli HSÍ sbr. ákvæði 2. mgr. 37. gr. laga HSÍ.

## ÚRSKURÐARORD:

Kæru Handknattleiksdeildar KR er vísað frá Dómstóli HSÍ.

Úrskurðinn kvað upp Hulda Rós Rúriksdóttir formaður Dómstóls HSÍ.

